

1. Stjórnarfundur haldinn 19. september 2007 kl. 14 til 16
í Gljúfrastofu í Þjóðgarðinum í Jökulsárgljúfrum.

21. sept 2007/ÞHÓ

FUNDARGERÐ

Mættir: Anna Kristín Ólafsdóttir, formaður, Eiríkur Björn Björvinsson, Elín Heiða Valsdóttir, Ellý K. Guðmundsdóttir, Hjalti Þór Vignisson, Rúnar Þórarinnsson, og Þórunn Pétursdóttir. Auk þess Magnús Hallgrímsson, áheyrnarfulltrúi og Þórður H. Ólafsson.

1. Samþykkt dagskrár

Framkomin drög að dagskrár voru samþykkt samhljóða.

2. Tillaga um tímabundna ráðningu starfsmanns

- * Fram kom tillaga um tímabundna ráðningu starfsmanns og samþykkt var samhljóða að ráða Þórð H. Ólafsson, sem starfsmann stjórnar fram að stofnun Vatnajökulshjóðgarðs.

3. Reglugerð fyrir Vatnajökulshjóðgarð – staða

Formaður fór yfir stöðu við vinnu reglugerðar fyrir Vatnajökulshjóðgarð.

- * Málið hefur lítilega verið skoðað í umhverfisráðuneytinu, sem nú verður forgangsverkefni stjórnar og starfsmanns, en reglugerðin verður unnin í umhverfisráðuneytinu.
- * Starfsmanni falið að setja upp tímaáætlun varðandi framvindu vinnunnar en æskilegast væri að þessari vinnu lyki fyrir lok janúar í síðasta lagi um miðjan febrúar 2008.
- * Þó það sé hvergi fyrirskrifað ákvað stjórnin að svæðisráðin komi að vinnu við gerð reglugerðarinnar.

4. Samningar við landeigendur – staða

Í skýrslu skýrslu ráðgjafanefndar umhverfisráðuneytisins um stofnum

Vatnajökulshjóðgarðs (nóvember 2006) á bls.12, koma fram hugmyndir um mörk Vatnajökulshjóðgarðs við stofnun hans, þar segir:

“ Í þessu ljósi telur ráðgjafanefnin æskilegt að Vatnajökulshjóðgarður við stofnun taki í fyrsta lagi til alls Vatnajökuls. Norðan jökuls taki þjóðgarðurinn til þjóðgarðsins í Jökulsárgljúfrum og meginárfarvega Jökulsár á Fjöllum frá upptökum til ósa og Kreppu. Jafnframt er æskilegt að landspilda að lágmarki 150-200 metrar frá bökkum beggja árfarvega fylgi með ásamt Kverkfjöllum og Krepputungu. Þá taki þjóðgarðurinn til svæðisins við Herðubreiðarlindir, Öskju, Trölladyngju, Tungnafellsjökuls og Vonarskarðs, Hvannalinda og Kringisárrana, Snæfells og Vesturöræfa, Eyjabakksvæðisins og hluta Múla og Hrauna. Allt athafnasvæði Kárahnjúkavirkjunar verði utan þjóðgarðsins. Að sunnanverðu taki Vatnajökulshjóðgarður við stofnun til Lónsöræfa, Heinabergsjökuls og fjallendis og jökulminja ofan byggðalínu í landi

Flateyjar á Mýrum, Hjallanes í landi Skálafells, Steinadals og vesturhluta Káldfjallsdals, Lakagigasvæðisins, Hágönguhrauns og Tungnaáröræfa.... Þannig er er lagt til að Þjóðgarðurinn Skaftafell og Þjóðgarðurinn í Jökulsárgljúfrum verði hluti Vatnajökulsþjóðgarðs þegar við stofnun.”

Farið var munnlega yfir helstu atriði varðandi stöðu samningaviðræðna við landeigendur að landi sem fyrirhugað er að fari inn í Vatnajökulsþjóðgarðinn samkvæmt upplýsingum frá viðkomandi fulltrúum umhverfissráðuneytisins.

Fram komu á fundinum ábendingar um að landeigendur fái ítarlega kynningu á hugmyndinni um Vatnajökulsþjóðgarðinn og kynntur verði enn frekar ávinningur þess að þjóðgarðurinn verði stofnaður.

- * Farið verður fram á að umhverfissráðuneytið láti útbúa töflu um stöðu samningamála og stefnt að því að kynna nákvæmari stöðu á næsta fundi.

5. **Arkitektasamkeppni um gestastofur** – ákvarðanir, undirbúningur

Fram kemur í kafla 5.1 skýrslu ráðgjafanefndar umhverfissráðuneytisins um stofnum Vatnajökulsþjóðgarðs (nóvember 2006) á bls.18:

“Hluti af stofnum þjóðgarðsins er að koma upp neti upplýsinga- og þjónustustaða þjóðgarðsins. Lagt er til að þjónustunetið byggist upp á þremur einingum, þ.e. gestastofum, sem jafnframt verða skrifstofur þjóðgarðsvarða (meginstarfstöðvum þjóðgarðsins), starfstöðvum landvarða og upplýsingamiðstöðvum.....” “Nefndin leggur til að fjórar nýjar gestastofur verði reistar til viðbótar (Skaftafelli og Ábyrgi) (innsk) þ.e. ein á hverju rekstrarsvæði þjóðgarðsins. Lagt er til að þessar fjórar gestastofur og meginstarfsstöðvar verði í Mývatnssveit, á Skriðuklaustri við Höfn í Hornafirði og á Kirkjubæjarklaustri.”.....” Nefndin telur æskilegt að farið verði út í samkeppni um samræmt útlit og hönnun gestastofa og meginstarfstöðva þjóðgarðsins áður en bygging þeirra hefst.”

Fram kemur í töflu 1 á bls. 20 í framagreindri skýrslu áætluð rýmisþörf fyrir gestastofur, en þar er áætlað að heildarstærð gestastofa verði 550-600 fermetrar og í byggingunni verði: móttaka, sýningarsalur, skrifstofa þjóðgarðsins, fundarherbergi, matstofa starfsmanna, tölvurými, vinnuástaða, salerni starfsmanna, gestasalerni, geymsla, sorpgeymsla, ræstiklefi, þjóðgarðsverslun og veitingastofa.

Á bls. 22 í framagreindri skýrslu kemur fram í töflu 2, tillaga að forgangsroðun uppbyggingar þjónustunets Vatnajökulsþjóðgarðsins.

Þar er gert ráð fyrir að árið 2008, verði hafist handa um uppbyggingu gestastofu á Skriðuklaustri, en árið 2009 komi að Kirkjubæjarklaustri, árið 2010 komi gestastofa í Mývatnssveit og að lokum árið 2011 verði hafist handa um uppbyggingu gestastofu í Hornafirði.

Umhverfissráðuneytið hefur lítillaga látið skoða hugmyndina um að farið verði í arkitektasamkeppni um gestastofur í Vatnajökulsþjóðgarðinum.

Rætt hefur verið við Arkitektafélag Íslands um þær reglur sem um slíka samkeppni gilda svo og sett fram gróf kostnaðaráætlun um slíka keppni. Leitað hefur verið ráða hjá Ólafi Sigurðssyni, arkitekti, sem hefur mikla reynslu af samkeppnum sem þessum.

Gróft kostnaðarmat er að slík samkeppni gæti kostað um 10 millj. kr. að meðtöldu verðlaunafé.

- * Stjórnin samþykkti að farið verði í arkitektasamkeppni um gestastofur, en áður en hún verður sett af stað þarf að liggja fyrir sem nákvæmust hnitsett staðsetning á fyrirhuguðum gestastofum og var fulltrúum viðkomandi svæðisráða falið að koma með tillögur til stjórnar Vatnajökulþjóðgarðs sem allra fyrst og sett verði í gang vinna við nauðsynlegt deiliskipulag.
- * Ákveðið var að fá Ólaf Sigurðsson, arkitekt, til næsta fundar stjórnar og fara yfir undirbúning að arkitektasamkeppninni. Ekki liggur fyrir tillaga að endanlegri staðsetningu gestastofu á Skriðuklaustri, en svæðisráði 2 (Austursvæði), var falið að koma með tillögu aðendanlegri staðsetningu gestastofu á Skriðuklaustri sem allra fyrst, en stefnt er að því að fyrsta skóflustunga að nýrri gestastofu á Skriðuklaustri verði tekin eigi síðar en í lok sumars 2008.

Nokkur umræða varð um návígi við aðra starfsemi í og við húsnæði gestastofa og voru tvenn sjónarmið uppi, annars vegar að samnýta með einhverjum hætti tilurð gestastofa með annarri, sem allra skyldastri starfsemi með gestastofunum og hins vegar að sem allri minnst návígi væri með annarri starfsemi og leggja aukinn þunga í starfsemi gestastofunnar og verkefnum beint tengdum þeim.

- * Tillaga var um að svæðisráðum verði falið að fjalla um þessi mismunandi sjónarmið og koma með tillögur til stjórnar.

Fram kom hjá Ellý K. Guðmundsdóttur að verið er að vinna að endurbótum á húsnæði gestastofu í Skaftafelli og áætlað að heildarkostnaður við þær lagfæringar verði um 50 millj. kr. Þeir fjármunir verða fengnir af fjárlagalið Vatnajökulþjóðgarðs fyrir árið 2007 (14-212), enda get ráð fyrir þeirri fjárveitingu þar.

- * Stjórn Vatnajökulþjóðgarðs biður um að frestað verði endanlegum frágangi á anddyri gestastofu og mun það verða kannað og mun Ellý skoða möguleika þess og koma með niðurstöðu á næsta stjórnarfund.

6. *Fjármál*

a. Fjárhagsstaða – kynning

Kynnt var staða fjárlagaliðar Vatnajökulþjóðgarðs (14-212), sem skv. fjárlögum í ár er alls 119,0 millj. kr. og skiptist annars vegar á rekstur (1.01); 69,0 millj. kr. og hins vegar á stofnkostnað (6.41); 50,0 millj. kr.

Gjaldfallið miðað við 15. september á rekstrarlið eru alls 1,5 millj. kr. og áætlað er að til loka árs bætist við um 15 millj. kr. útgjöld, þannig að heildarrekstrarútgjöld ársins 2007 verði alls um 16,5 millj. kr.

Stofnkostnaðarliðurinn að upphæð 50,0 millj. kr. var hugsaður til lagfæringa á gestastofu í Skaftafelli og mun fjárveitingin öll renna til þess verkefnis.

Ákveðið var að veita 14,0 millj. kr. til sýningar í gestastofu í Ásbyrgi.

Heildarútgjöld á árinu 2007 eru því áætluð alls rúmar 80 millj. kr.

b. Framkvæmdaáætlun 2008 – umræða

Í ljósi þess að frumvarp til fjárlaga liggur ekki fyrir er ekki hægt að kynna fyrstu drög að framkvæmdaáætlun fyrir 2008, en þeir framkvæmdaliðir sem kæmu inn í slíka áætlun væru eftirfarandi :

1. Arkitektasamkeppni um Gestastofur
2. Gestastofa á Skriðuklaustri
3. Landvörslustöðvar:
 - Askja/Dreki
 - Kverkfjöll
 - Lónsöræfi
 - Lakagígar
 - Hrauneyjar
4. Verndaráætlunir-deiliskipulag
5. Göngustígar, gerð og merkingar
6. Upplýsinga- og leiðbeiningaskilti
7. Hönnun og gerð sýninga:
8. Bæklingar o.fl.:

Áætla má að fjármagn til framkvæma á árinu 2008 þurfi að vera 160-165 millj. kr.

- * Á næsta stjórnarfundum verða kynnt fyrstu drög að framkvæmdaáætlun fyrir árið 2008.

c. Rekstraráætlun 2008 – umræða

Á sama hátt og hvað varðar framkvæmdaáætlun fyrir árið 2008 er ekki hægt að setja fram fyrstu drög að rekstraráætlun fyrr en frumvarp til fjárlaga 2008 liggur fyrir. En ætla má að heildarrekstrargjöld á árinu 2008 geti orðið um 110-115 millj. kr. og er þar reiknað með að allur rekstur þjóðgarðanna í Skaftafelli og Jökulsárgljúfrum sé inni í þeirri heildarupphæð. Gert er ráð fyrir að tekjur í þjóðgördunum í Skaftafelli og Jökulsárgljúfrum geti orðið um 25-30 millj. kr. á árinu 2008.

Áætla má að að fjárveiting á fjárlögum til rekstrar á árinu 2008 þurfi að vera 80-90 millj. kr.

- * Á næsta stjórnarfundum verða kynnt fyrstu drög að rekstraráætlun fyrir árið 2008.
- * Athugað verði með greiðslur fyrir nefndarstörf fyrir Vatnajökulþjóðgarð.

7. Ráðning þjóðgarðsvarða

Í 9. gr. laga um Vatnajökulþjóðgarð er kveðið á um ráðningu þjóðgarðsvarða, þar segir m.a.: “Á hverju svæði rekstrarsvæði skal starfa þjóðgarðsvörður sem ráðinn er af stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs samkvæmt tillögu viðkomandi svæðisráðs.”

- * Samdóma álit nefndarmanna var að á árinu 2008 verði ráðið í fjórar stöður þjóðgarðsvarða og byrjað verði á þjóðgarðsverði fyrir Mývatnssvæðið.

Auglýst hefur verið laus til umsóknar staða þjóðgarðsvarðar í Skaftafelli og er umsóknarfrestur útrunninn og hefur Umhverfisstofnum með málið að gera. Valdir umsækjendur verða fljótlega teknir í viðtal og mun Ellý K. Guðmundsdóttir kynna fyrir stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs tillögur að ráðningu eigi síðar en á næsta stjórnarfundum, áður en endanleg ákvörðun um ráðningu verður tekin.

8. Undirbúningur að stofnun hollvinasamtaka

ALCOA og Landsvirkjun hafa gefið vilyrði fyrir talsverðu fjármagni til uppbyggingar Vatnajökulsþjóðgarðs.

Rætt hefur verið um stofnun hollvinasamtaka Vatnajökulsþjóðgarðs og er leitað að forsvarsmanni þeirra.

Um verður að ræða aðskilda hópa, sá fyrri heldur utan um styrktarsjóð til uppbyggingar, en hinn er hrein hollvinasamtök.

Starfandi eru undirbúningshópar að og eru 4 aðilar í hverjum hópi, enn frá hverju svæði.

- Áveðið var að fá á næsta fund aðila sem stýra starfinu til að fá frekari upplýingar um gang mála.

Önnur mál

- * **Næsti stjórnarfundur** verður haldinn á **Egilsstöðum 23. október**.
á þeim fundi verði helstu umræðuefni:

- Fyrstu drög að reglugerð
- Staða samningaviðræðna við landeigendur
- Fá fyrstu hugmyndir að staðsetningu gestastofa og landvörslustöðva
- Samrekstur gestastofa með annari starfsemi
- Ólafur Sigurðsson, arkitekt komi til fundarins vegna arkitektasamkeppni
- Fyrstu hugmyndir að römmum fyrir rekstrar- og framkvæmdaáætlanir 2008
- Varamenn mæti

Síðan verði stjórnarfundur **13. nóvember**
og þar verði helstu umræðuefni:

- Fá forsvarsmenn hollvinasamtaka
- Hitta starfsmenn þjóðgarðsins í Skaftafelli (4) og þjóðgarðsins í Jökulsárgljúfrum (2)

Síðasti áætlaði stjórnarfundur á árinu verði **11. desember**:
og þar verði rætt:

- Lokaniðurstaða staðsetninga gestastofa
- Hugmyndir svæðisráða að stígagerð 2008
- Tillögur svæðisráða varðandi framkvæmdaáætlun 2008.
- Hitta svæðisráð